

Fundargerð aðalfundar knattspyrnudeildar Umf. Hvatar

Mánudaginn 24. febrúar 2025 kl. 18:00 í norðursal Íþróttamiðstöðvarinnar á Blönduósi.

Mættir eru; Sigurður Bjarni Aadnegard, Viktoría Björk Erlendsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, Ármann Óli Birgisson, Guðmundur Arnar Sigurjónsson, Gunnlaug Kjartansdóttir, Arnór Guðjónsson, Sigurgeir Þór Jónasson, Ásdís Adda Ólafsdóttir og Þorgils Magnússon.

Gengið var til dagskrár.

1. **Formaður setur fundinn** – Sigurður Bjarni Aadnegard, formaður knattspyrnudeildar Umf. Hvatar setti fundinn.
2. **Kosinn fundarstjóri og fundarritari** - Formaður lagði til að Arnór Guðjónsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt einróma. Fundarstjóri tók þegar til starfa. Fundarstjóri lagði til að Grímur Rúnar Lárusson verði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.
3. **Formaður flytur ársskýrslu deildarinnar** – Sigurður Bjarni Aadnegard, formaður, flutti ársskýrslu deildarinnar.
4. **Gjaldkeri leggur fram reikninga til kynningar** – Grímur Rúnar Lárusson, fór yfir prófjöfnuð knattspyrnudeildar vegna ársins 2024. Endanlegur ársreikningur deildarinnar verður lagður fram á fundi aðalstjórnar þann 27. febrúar nk. kl. 17:00 og verður þar borinn undir atkvæði.
5. **Stjórnarkjör;**
6. **Kosinn formaður** – Sigurður Bjarni Aadnegard gaf áfram kost á sér til formanns og var það samþykkt.
7. **Kosinn gjaldkeri** – Arnór Guðjónsson bauð sig fram og var það samþykkt.
8. **Kosinn ritari** – Gunnlaug Kjartansdóttir bauð sig fram og var það samþykkt.
9. **Kosnir meðstjórnendur** – Grímur Rúnar Lárusson bauð sig fram og var það samþykkt.
10. **Önnur mál**
 - a. Samstarf við Tindastól. Rædd voru búningamál, akstur á æfingar o.fl.
 - b. Smábæjaleikar 2025

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:19.